

# GRÍMUR

Gøran Ohldieck & Kjetil Berge  
Sýningarstjórn: Dr. Ynda Eldborg



# GRÍMUR: Inngangur

Dr. Ynda Eldborg, Sýningarstýra

**Árið 1983 var mikilvægt fyrir hinsegin menningu og sögu hinsegin fólks um allan heim. Það ár voru aðeins tvö ár frá því AIDS var greint af vísindafólki og fyrstu HIV tilfelli á Íslandi komu fram þetta ár. Hætturarnar lágu í leynd og haturs öflum sem hrópuðu á torgum og gatnamótum óx fiskur um hrygg með Biblíuna og fáfræði að vopnum.**

Þetta ár voru fimm ár frá stofnun Samtakanna '78, og íslenskt samfélag ekki enn búið að jafna sig eftir það. Þrátt fyrir að pönk, nýbylgja og rokk hefðu um langt árabil leikið sér að því að brjóta upp hefðbundnar kynjaímyndir tvíhyggjunnar náðu þær hugmyndir ekki langt út fyrir framsækna hópa ungs fólks þó alþjóðlegur sýnileiki David Bowie, Boy George og femínisku pönk hljómsveitarinnar The Slits væri augljós.

Þegar litið er til ljósmyndara þá var Robert Mapplethorpe orðinn þekktur um 1980, Sunil Gupta ljósmyndaði hinsegin fólk í New York á 6. Áratugi 20. Aldar. Einnig má nefna Nan Goldin og ljósmyndir hennar af hinsegin fólki í New York og Boston. Auk þess er rétt að nefna kvikmyndahöfundinn Jack Smith en það eru nokkur líkindi með verkum hans og ljósmyndum Kjetil Berge og Gøran Ohldieck.

Hluti af þessum alþjóðlega suðupotti voru norsku myndlistarmennirnir, Gøran og Kjetil sem komu til Íslands með sýninguna Masker í boði Norræna hússins -verk sem voru hluti ríkjandi hinsegin orðræðu og fagurfræði.



En hvað var það eiginlega sem gerðist þarna í byrjun árs 1983?

Þegar Gøran og Kjetil voru búnir að hengja upp verk sín í Norræna húsinu og opnunin í fullum gangi, 15. janúar tók verkefnið óvænta stefnu. Þegar ráðafólk Norræna hússins gekk um sýninguna ásamt gestum kom í ljós að eitthvað fór fyrir brjóstið á þeim varðandi myndskyggjur sem varpað var á sýningartjald í salnum. Þeim var meðal annars sagt að þarna væru verk umfram það sem samið hafði verið um. Þetta hefur verið opinbera skýringin eins og hún kom fram í íslenskum dagblöðum eftir á. Hin skýringin er sú að þeim sem fóru með völd í húsinu hafi staðið ógn af hinseginleikanum í verkunum.

Þeim félögum var gefinn kostur á því að fjarlægja óæskileg verk ef þeir vildu að sýningin stæði áfram. Þeir sögðu NEI, pökkuðu verkunum niður og fóru af landi brott. Þegar til Noregs kom höfðu þeir samband við dagblöð sem tóku málið upp og áttu ekki orð yfir afdalamenskuna á Íslandi og kölluðu málalíbúnað stjórnanda Norræna hússins fordóma, hómófóbíu og ritskoðun sem voru orð að sönnu.

Þegar verkin eru skoðuð í endurliti til fortíðarinnar eru þau afar sakleysislegt samtal við samtímamann í augum þeirra sem gægst höfðu útfyrir kirkjudyrr heimsins.

Snemma árs 2019 sat ég á lesstofu Borgarskjalasafns Reykjavíkur að rannsaka heimildir um menningarstarfsemi og myndlist í tengslum við Samtökin '78 til að undirbúa sýninguna Út fyrir sviga: Myndlist og Samtökin '78 sem haldin var í Grófarhúsi sumarið 2019. Þarna rakst ég á upplýsingar um sýninguna og með aðstoð starfsfólks Norræna hússins komu fleiri heimildir í ljós.



Einnig voru þeir Gøran og Kjetil örlátir á sína þekkingu. Þetta var þvítíkur hvalreki að ég bauð þeim að taka þátt í sýningunni í Grófarhúsi, sem þeir þáðu. Þannig var lagður grunnur að mikilvægi þeirra fyrir íslenska hinsegin listasögu.


Hluti af samkomulagi okkar var að bjóða þeim að endurvekja sýninguna í samvinnu við Norræna húsið vegna þess að hún fór aldrei fram árið 1983. Í samtali við Sabina Westerholm forstöðukonu hússins haustið 2022 nefndi ég þetta mikilvæga verkefni og tók hún erindinu mjög vel. Sýningin var svo fastmælum bundn snemma árs 2023.

Núna er stundin runnin upp. Loksins eftir 40 ára bið á 40. ártíð sýningarinnar sem aldrei var haldin. Ennþá stendur hinsegin samfélagið frammi fyrir ógnum, hótunum, morðum, barsmíðum og hryllingi sem núna bitnar fyrst og fremst á trans og kynsegin fólki. Verk þeirra Gøran og Kjetil eru þess vegna ennþá mikilvægt framlag til samfélagsumræðunnar, myndlistar, hinsegin fagurfræði, listasögu og ritskoðunar.

Það sem eftir stendur þegar litið er til baka er ekki einungis umbúðalaus ritskoðun, fordómar og hómófóbía heldur einnig einbeitt skilningsleysi á myndlist og hinsegin fagurfræði ásamt útskúfun á hinsegin fólki. Þetta á sérstaklega við um þau sem ögra kynjatvíhyggju og brjóta upp vélgeng samfélagsmynstur eins og sést glöggt á þeim verkum sem prýða veggj Norræna hússins á þessari löngu tímabæru sýningu.

Að lokum þakka ég þeim Gøran og Kjetil fyrir verk sín og þátttökuna, forstöðukonu Norræna hússins, Sabina Westerholm fyrir ómetanlegan stuðning við sýninguna, sýningarteyminu, sjálfboðaliðum, tæknifólki og öðru starfsfólki Norræna hússins sem hafa komið að þessu verkefni.





Mind Map, 2023, Paul Ryan

# Myndakynslóðin

Kjetil Berge, 05-19-2023

Kannski átti forstjóri Norræna hússins slæman dag þennan kalda janúarmorgun árið 1983 þegar hún stöðvaði glærusýninguna Grímur? Mögulega óttaðist hún að missa vinnuna eftir opnun sýningarinnar. Á ákveðnum tímamarki skipti hún allavega skyndilega um skoðun. Hvorki forstjórinn né nokkur annar hafði minnst á áhyggjur af innihaldi verkanna þegar við vorum að hengja upp sýninguna. Þegar við spurðum hvers vegnamyndaserían væri ekki í gangi þennan morgun var svarið að inntak hennar væri of samkynhneigt.

Ég er nýbúin að komast að því að við Gøran Ohldieck erum af „Myndakynslóðinni“ svokölluðu, þeirri kynslóðsem ólst upp við sjónvarp. Þess vegna vorum við, hvað varðar samkynhneigð, algjörlega úti en ekki í felum. Á þessum tíma, við upphaf alnæmisfaraldursins, var þetta hins vegar of mikið. Birtingarmyndir frá jaðrinum geta auðveldlega orðið of mikið ef þú ert táknmynd fyrir eða þarft að tákna meirihlutann.


Ég hitti Gøran í Bergen þegar ég flutti aftur til Noregs árið 1979 eftir misheppnaða tilraun mína til að bjarga heiminum. Hann var miklu skemmtilegri og opnari en fólkíð í kommúnunni sem ég hafði nýlega yfirgefið. Þegar setið var að spjalli við hann og vini hans, streymdu samtölin og sögurnar fram, sýndu heimssýn og miklu meira samþykki en sú heimssýn sem ég var nýbúinn að reyna að tala fyrir. Það varð til þess að ég hélt fast í upprunalegu áætlun mína um að verða listamaður.

Ég leigði herbergi í foreldrahúsum Gøran. Við byrjuðum vinna saman ljósmyndir og list. Sumar myndirnar voru leiknar og settar á svið af okkur, og sumar tilfallandi augnablik sem við náðum á filmu. Ljósmyndirnar voru teknar í London, Hamborg, Búdapest, Varsjá og Bergen. Við prentuðum sjálfir negatífurnar og skoluðum myndirnar í baðkarinu. Við sóttum um að halda sýningar og fengum samþykktar sýningar í Noregi, Þýskalandi og að lokum á Íslandi.

Gøran Ohldieck var mjög gjafmildur á þekkingu sína og hafði hugrekki og metnað til listarinnar. Norræna húsið var virtur vettvangur og stærsta sýning á verkum okkar hingað til og við vorum því mjög spenntir. Við komum með til landsins um það bil 300 myndir, af þeim voru 175 skyggjur og afgangurinn voru svarthvítar prentanir og textar. Textarnir eru að mestu horfnir og það sem eftir er af verkum okkar er í safninu KODE í Bergen, Noregi.

Við notuðum ekki skilgreininguna myndakynslóðin, en nálgun okkar var örugglega á þeim miðum. Allt frá sviðsetningu, því að velja myndir og hvernig við prentuðum. Sem fulltrúar fólks fyrir utan hið hefðbundnafögnuðum við mistökum og yfirsjón, þ.e. sannleikanum eins og við sáum hann. Sameiginlegur vegur okkar var hæglátur og kamp. Við leituðum með hómor og kaldhæðni, að hinum huldu skilaboðum og biðum eftir því hvenær hægt væri að ná þeim á filmu.

Christopher Isherwood sagði: "Þú getur ekki leikið þér að því sem þú tekur ekki alvarlega."





# Ferill

Gøran Ohldieck stundaði prentsmíði og teikningar þegar ég hitti hann og hafði meira að segja gefið út bók. Ég vann með prent og batik.

Við höfum báðir haldið áfram að vinna með prentmiðilinn. Sviðsetning og óundirbúin myndun atvika hefur fylgt mér bæði í ljósmyndun og vídeóvinnslu. Ég hef fundið mikla ánægju við vinnu mína við listsköpun, skúlptúrsmíði, innsetningar, samstarfsverkefni og tengslavinnu. Opnunarviðburður ALYANS, dans- og sviðsvettvangs sem gerður var fyrir 9. útgáfu Havana-tvíæringsins hafa fylgt mér. Eins hefur verkefnið Breaking the Ice, Akstur frá London til Kirkenes í Noregi um Rússland - ís í skiptum fyrir samtal um veðrið. Eins og er hekla ég björgunarteppi í London og rek mína eigin listahátíð í Lofoten í Noregi. Jafnframt er égsýningarstjóri Arctic Moving Image and Film festival sem haldin er í AMIFF í Harstad, Noregi og ber titilinn Bend It Maybe árið 2023. Sú hátíð opnar um miðjan október.

Gøran Ohldieck tók skrefið lengra í alþjóðlegum ævintýrum þegar hann stofnaði Foundation 3.14 með Sigrid Szetu og Jan Erik Willgohs. Stofnunin varð framvarðasveit listaskipta og færði listamenn frá Mongólíu og Kína og mörgum öðrum stöðum til Noregs. Það veitti norskum áhorfendum tækifæri að upplifa listir og menningu utan hins almenna, á þeim tíma þegar þetta var mjög erfitt. The Foundation 3.14 bjó einnig til stór tækifæri fyrir norska listamenn til að sýna verk sín í öðrum heimshlutum. Samtökin halda áfram í Bergen sem Kunsthall 3.14. Gøran Ohldieck býr nú í Litháen og heldur áfram að „finna“ verk eftir gleymda listamanninn Dogu Bankov og skipuleggur stórar birtingarmyndir af verkum listamannsins. M.K. Čiurlionis Museum of Art by Kaunas Picture Gallery styður ötullega við listiðkun hans.



NORRÆNA HÚSIÐ  
POHJOLAN TALO  
NORDENS HUS

- G R Í M U R -

KJETIL BERGE og GØRAN OHLDieck frá Noregi sýna ljósmyndir  
í sýningarsölum Norræna hússins 15. - 30. janúar 1983.

Sýningin verður opnuð laugardaginn 15. janúar kl. 16:00.  
Við bjóðum yður velkomin.

N O R R Æ N A H Ú S I Ð

Gildir fyrir tvo.



# GRÍMUR

10.08.2023 - 30.09.2023

Gøran Ohldieck & Kjetil Berge  
Sýningarstjórn: Dr. Ynda Eldborg